ÁRTÚNSSKÓLI
LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

7. október 2026

Fundur í skólaráði Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gíslasdóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri og ritari fundar, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, Bárður Steinn Jóhannsson fulltrúi starfsmanna í grunnskóla, Anna Dögg Rúnarsdóttir fulltrúi starfsmanna á leikskóla, Lilja Rut Bech Hlynsdóttir fulltrúi kennara, Bjarni Þórðarson fulltrúi grenndarsamfélags og Ársels, Árni Brynjúlfsson fulltrúi foreldrafélags og foreldra, Hörður Þór Jóhannsson fulltrúar foreldra, Eggert Thorberg Kjartansson forstöðumaður frístundaheimilis og Bergdís Þóra Andrésdóttir og Eyrún Edda Atladóttir fulltrúar nemenda frá 6. og 7. bekk.

Ellen stýrði fundi og hóf fundinn á því að fara yfir það hverjir sitja í sitja í skólaráðinu þetta skólaár og í ár eru litlar breytingar á fulltrúunum nema það koma inn nýir nemendur eins og ár hvert. Næst var farið í verkefni og hlutverk skólaráðsins og fundaáætlun vetrarins kynnt sem og dagsrá fundarins í dag.

Starfsáætlun leikskóladeildar var skilað inn í sumar eftir samþykki skólaráðs og foreldrafélags. **Starfsáætlun grunnskóladeildar var send á fulltrúa skólaráðsins fyrir fundinn til yfirlestrar og var samþykkt á fundinum án athugasemda af fulltrúum fundarins.**

Matsferill var næstur á dagskrá og farið var yfir niðurstöður í lesfimi frá því í maí 2026 og september 2026. Allir árgangar hafa mælitölu á meðaltalsviðmiði. Í vor var meðaltals mælitala 10 eða 11 í öllum árgöngum og í september var meðaltal mælitölu á bilinu 9 – 11.

Niðurstöður lesmáls voru kynntar næst. Þar eru niðurstöður á þann veg að 67% nemenda voru með aldurssvarandi færni í lestri og 33% þurfa tímabundinn sérstakan stuðning í lestri. Enginn mælist þannig að þar þurfi einstaklingsáætlun.

Næst fór Ellen yfir niðurstöður síðasta skólaárs í íslensku æskulýðsrannsókninni. Í niðurstöðum er dregið saman í flokkana menntun, heilsu og vellíðan, öryggi og vernd, þátttaka og félagsleg tengsl, lífsgæði og félagsleg staða.

Næst á dagskrá voru niðurstöður í foreldrakönnun frá vori 2026. Þar eru flokkarnir líðan í skólanum, nám og kennsla, stjórnun skólans.

Það var líka lögð fyrir foreldrakönnun í frístund í lok síðasta skólaárs og einnig var farið yfir niðurstöður þeirrar könnunar.

Ellen kynnti næst innramats skýrslu síðasta skólaárs og hún er á heimsíðu skólans.

Einnig er komin inn umbótaáætlun fyrir þetta skólaár sem skiptist í fimm ára langtímaáætlun og áætlun fyrir skólaárið 2026 – 2027.

Næst var farið í húsakost. Búið er að opna sérkennslurými í leikskólanum en hlutur af rými á Háholti er lokað og bíður viðhalds. Eins eru tvær kennslustofur í grunnskólanum lokaðar Árbær og Ártún vegna loftgæða. Núna er verið að gera alþrif á stofunum og sýnataka fer fram sex vikum síðar. Við biðum svo eftir því að fá niðurstöður úr þeirri sýnatöku.

Fundarritari
Guðrún Bára